

SIÐAREGLUR – REKSTUR OG ÁBYRGÐ

Fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða Æskulýðsvettvangsins

1. Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu gegna störfum sínum af kostgæfni, samviskusemi, trúmennsku og heiðarleika. Öllu starfi skal sinna með hagsmuni félagsins að leiðarljósi og standa vörð um markmið og heiður þess.
2. Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu sýna félaginu, samstarfsfólki, samstarfsaðilum og þátttakendum virðingu, sanngirni og trúnað í samskiptum sínum. Þeim ber að rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi auk þess að gæta hlutlægni og réttsýni.
3. Stjórnarfólk, starfsfólks og sjálfboðaliðar skulu koma fram af heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir, auk þess sem engum skal mismunað með orðum eða hegðun á grundvelli þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kyns, aldurs, trúarbragða, skoðana, kynhneigðar, fötlunar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.
4. Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu aldrei misnota aðstöðu sína gagnvart samskiptaaðilum eða þátttakendum með neinum hætti sér til framdráttar eða eigin hags. Komi upp sú staða að hætta sé á hagsmunaárekstrum skulu aðilar greina frá öllum hugsanlegum persónulegum hagsmunum sem geta haft áhrif á störf þeirra. Framkvæmdastjóri og stjórn metur hvort um hagsmunaárekstur er að ræða.
5. Stjórnarfólk, starfsfólks og sjálfboðaliðar skulu forðast að taka að sér verkefni eða störf sem samræmast ekki eða ganga gegn skyldum eða störfum þeirra og eru til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í starfi í efa. Ef vafamál kemur upp skal leita samþykkis framkvæmdastjóra eða stjórnar.
6. Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við þegar ákvæði IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 á við.
7. Stjórnarfólki, starfsfólki og sjálfboðaliðum er ekki heimilt að nota trúnaðarupplýsingar sem þeir öðlast vegna starfa sinna sér til framdráttar eða í þágu eigin hagsmuna.
8. Stjórnarfólk, starfsfólks og sjálfboðaliðar skulu leitast við að skapa jákvætt andrúmsloft í starfi. Gæta skal hófs og sanngirni í ummælum um hvert annað eða aðra svo sem með því að taka ekki þátt í slúðri eða dreifa rógi. Kynferðisleg áreitni eða einelti er ekki liðið.
9. Öll starfsemi og vinnubrögð skulu unnin á opinn, upplýstan, gagnsæjan og lýðræðislegan hátt. Ávallt skal veita faglegar og réttar upplýsingar.
10. Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu ávallt fara vel með fjármuni og önnur verðmæti félagsins sem þeim er trúnað fyrir eða hafa til umráða vegna starfs síns. Við ráðstöfun þeirra skal hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Aldrei er heimilt að skuldbinda félagið umfram samþykktir. Fjármuni og eigur skal aldrei nota nema í þágu félagsins eða verkefna sem samræmast stefnu þess.
11. Upplýsingar um tekjur og ráðstöfun þeirra skal setja fram á einfaldan og skýran hátt og skulu upplýsingar vera aðgengilegar félagsmönnum. Allar færslur á fjármunum skulu skráðar með viðeigandi hætti og tækar til endurskoðunar.
12. Aldrei skal afla styrkja með ólögætum hætti eða blekkingum.

13. Hver sá sem á í samskiptum við fjölmiðla skal sýna heiðarleika og gagnsæ vinnubrögð án þess að ljóstra upp trúnaðarupplýsingum. Lögð er áherslu á að veita réttar og eins nákvæmar upplýsingar og unnt er. Ekki skal fullyrða meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni og viðurkenna þegar þekking er takmörkuð og afla frekari upplýsinga eða vísa fyrirspurnum annað.
14. Við mannráðningar skal gæta þess að misnota ekki aðstöðu til að ráða skyld- eða venslafólk til starfa. Komi upp slík staða skal viðkomandi starfsmaður víkja ráðningu til yfirmanns eða annars hæfs starfsmanns.
15. Starfsfólk eða sjálfbóðaliðar, sem ráðnir eru til að starfa með börnum, skulu hæfir til þess. Ávallt skal leita eftir samþykki þeirra sem hyggjast hefja störf um leyfi fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá.
16. Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfbóðaliðar skulu aldrei taka við né þiggja gjafir ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
17. Gerist aðili brotlegur við ofangreindar reglur er heimilt að vísa þeim úr starfi, tímabundið eða að fullu.